

ÍSLENZK MENNING

ANNAD BINDI

Til heiðurs Sigurði Gylfa Magnússyni

Á fimmtugsafmæli hans 29. ágúst 2007



Einsögustofnun
2007

sínum, leiklistinni og opinberum vettvangi. Stöðugt ofbeldi og ógn breytir karaktereinkennum þeirra sem fyrir verða. Með tímanum beygði þessi sjálfsæða kona með þennan sterka persónuleika sig undir duttlunga eiginmannsins og undan því oki losnaði hún ekki fyrr en 1950 þegar þau hjónin skildu.

Ingibjörg vann að leiklist alla sína starfsemi þótt með hléum væri. Í seinni tíð helgaði hún sig uppeldi og menntun leikara í hinum dreifðu byggðum landsins. Meðal alþýðunnar var Ingibjörg á heimavelli, þar var hun ekki röluð niður eða þöggud. Í leikstjórnarstarfinu má segja að Ingibjörg hafi samnarlega starfað í grasrótinni eins og bónakona á samyrkjubúi í Sovétrekjunum sem plægir akur á dráttarvél.

Með því draga fram í dagsljósíð ævistarf konu eins og Ingibjargar Steinsdóttur verður ljóst að lífsbaráttu hennar, og vitaskuld fleiri kvenna, er ekki auðvelt að fella í einfalt móti. Margar ástæður eru fyrir því, bæði persónulegar og samfélagslegar. Það kemur skyrt fram í þessari samanþjöppuðu frásögn hér að framan að Ingibjörg reyndi í lífi sínu og starfi birtast skyrt þær hömlur, sem hún þurfti að berjast við. Saga hennar sýnir að þótt hún hafi á stundum komið að lokaðum dyrum, þá hafi hún sifelt leitað annarra leiða til að ná markmiðum sínum. Og eins og sagði í upphafi þessarar greinar, þá getur einsaga af þessu tagi ekki aðeins varpað nyju ljósi á líf einstaklinga, heldur einnig á samfélögum í heild sínum.

Af þeim fjölmörgu bókmennitasögulegu tíðindum sem orðið hafa hér á landi frá síðstu aldamótum eru engin jafn furiðleg – jafn einkennilega margbrotin, skulum við segja – og su rás atburða sem á rot sína að rekja til þeirrar ævisögu Halldórs Laxness sem byrjað var að gefa út haustið 2003 og nær væntanlega hámarki í rafmögnum andrúmslofti ólómssalarins í hæstarettarhúsini við Arnarhól daginn sem endanlegr dómur fellur í mali ekki skáldsins, Auðar Laxness, gegn höfundinum, Hannesi Hölmsteini Gissurarsyni. Likt og Sigurður Gylfi Magnússon rekur með ítarlegum hætti í lokakaffa bókar sinnar *Fortíðardraumar* leið vart sá dagur víkumar kringum áramótin 2003 til 2004 að ekki væri fjallað í fjölmöldum um hvort og með hvaða hætti höfundur hefði gerst sekur um ritstuld.¹ Á næstu misserum setti málod ekki aðeins mark sitt á greinaskrif í tímáritum heldur einnig og ekki síður á skáldskap íslenskra ritihöfunda. Þannig er það tæplega tilvijun að einhvers konar ritþjófar skuli vera á ferli í skáldsögum Núu þjófalyklum (2004) eftir Hermann Stefánsson, Argóarfisimi (2005) eftir Sjón, Tírista eftir Stefán Mána (2005), Sendiherrum (2006) eftir Braga Ólafsson og Undir himminum (2006) eftir Eirik Guðmundsson, en í að minnsta kosti tveimur þessara verkta er vísað með augljósum hætti til deiðanna um ævisögu Nóbæsskáldsins. Hér á eftir verður málod reið með hliðsþjón af íslenskum höfundalögum og kennungum fræðimanna um endurritanir, auch þess sem veit verður vóngum yfir því hvers konar glæpur ritstuldur eiginlega er. Fyrst verður þó staldrað í nokkra stund við opinbera umræðu um verkið á fyrsta árinu eftir túgáfu þess.

Halldór. *Ævisaga Halldórs Kilijs Laxness 1902–1932* kom út í lok nóvembermánaðar árið 2003 hjá Eddu undir vörumerki Almenna

¹ Sigurður Gylfi Magnússon. *Fortíðardraumar. Sjálfssþókmenntir á Íslandi*. (Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningsar í samvinnu við Miðstöð cinsögurannsókna, 9. bindi.) Reykjavík: Háskólaútgáfán, 2004, s. 237–98.

Pýðing, endurritun, ritstuldur Ort í eyðour *Fortíðardrauma*

bókafélagsins. Þetta er mikil bók, sex hundruð og tuttugu síður. Í frettatíkymingu frá forlaginu sagði að þarna kæmu fram ýmsar upplýsingar sem hefðu ekki verið gerðar opinberar áður enda hefði höfuðfundurinn viða leitað fanga, ramsakað skjálasöfn heima og erlendis og ferðast til flestra þeirra staða þar sem skáldið dvaldist á fyrstu áratugum tuttugustu aldar.² Víku eftir útkomuna var gert kunnugt í beinni útsendingu í sjónvarpssal að *Halláðr* hefði ásamt fjórum öðrum verið tilnefndur til Íslensku bókmennaverðlaunanna í flokkri freðoritum og rita almennum efnis. Ónmur vika leið en þá bírtist í *Morgunblaðini* myndskreyt fregn af útgáfubodi sem höfuðfundur hefði haldið í húskynnum Bókabúðar Máls og menningará Laugavegi 18 („Rúblunni“) og voru frammámanni úr íslenskum stjórnálmum meðal gesta.³ Og enn jókst hróður þeirra *Halldórs* og Hannesar Hólmsteins sjö dögum síðar hegar í *Morgunblaðinu* bírtist mjög loftsamlegur ritdómur Björns Þórss Vilhjálmssonar um ævisöguna.⁴ En eftir þetta urðu vatnaskil. Síðustu dagana fyrir jól bírust í öðrum fjölmáldum neikvæðari dómar. Páll Björnsson fjallaði um bókina í Sjónvarpinu 18. desember, Gauti Kristmannsson ráddi um hana á Rás eitt 22. desember og Páll Baldvin Baldvinsson á Stöð tvö sama dag. Allir gerðu þeir alvarlegar athugasemdir við ófullhaegrandi vísanir Hannesar í heimildir og heimildanotun hans. Á þriðja degi jóla, laugardaginn 27. desember, hnykkти Helga Kress a þessari gagnrýni í grein í *Lesbót Morgunblaðsins* þar sem hún fullyst að rit Hannesar byggðist alfarð á rannsóknun sنسکا fræðimanns Peters Hallberg á ævi og æskuvekum Halldórs og batti „þar engu við sem máli skipir. Felst aðferð Hannesar ýmist í því að gera útdrátt úr köflum eða endurseggja þá svo til orðrétt. Á sama hátt hefur hann nýtt sér texta úr verkum Halldórs Laxness sem hann setur fram sem sinn eigin.“⁵ Tök Helga ýmis dæmi um þessi vinnubrögð og taldi áhöld um eftir hvem bók Hannesar raunverulega væri. Daginn eftir bírtist yfirlýsing frá Hannesi í *Morgunblaðinu* og viðar þar sem hann sagðist „vísa afdráttarlaust á bug öllum ásöknum um óhejðarleg og óeðilleg vinnubrögð“ í bók sinni.⁶ Jafnframt kom fram að hann væri staddir erlendis en hann kvaðst ætla að svara ásöknum lið fyrir lið þegar hann sneri aftur til Íslands í januartánumáði.

¹ Í hönd fór sértennilegasta tímabiliið í sögu málssins“, segir Sigurður Gylfi í umfjöllun sinni í *Forritðardraumum*,

Hannes Hólmstein Gissursson var einhvers staðar úti í heimi og gef afdeins óljósar upplýsingar um hvað hann hyggðist gera. Hann sagðist ekki hafa haft tekifærri til að kynna sér gagnrýnina, en öllu sem fram hafði komið var samt visað á bug. A meðan hjoðin beið eftir skyringum keppust fjölmáðar við að velta fyrir sér nýum hlíðum á málinu og jafnvél að eldri verkum Hannesar Hólmsteins.⁷

Sigurður Gylfi rekur sértaklega umfjöllun *DV* um mál Þ pessa daga en segir að tveir mikilvægir fjölmáðlar, *Morgunblaðið* og *Fréttablaðið*, hafi að mestu haldið sig frá þessari umræðu. Hann nefnir ekki Ríkisútvarpið í þessu sambandi en meðal þeirra sem tjáðu sig þar um verk Hannesar þessa fyrstu daga ársins 2004 voru sá sem þetta ritar, þórunn Valdimarsdóttir, Svanborg Sigmarsdóttir, Jón Ólafsson og Ævar Kjartansson. Við komum öll við sögu í þætinum „Vald og vísindi“ sunnudaginn 4. janúar en þrjú þau síðastnefndu voru í hlutverki þáttastjórmenda. Í inngangin að umræðum skipti Jón Olafsson þeiri gagnrýni sem fram hafði komið á *Halldór* dagna á undan í nokkra flokka en lagði sjálfur mesta áherslu á að Hannes hefði verið sakáður um að nýta sér skrif annarra fræðimanna með ósennilegum hætti.⁸ Nefndi Jón til samanburðar tvö mál par sem baðdariskir sagnfræðingar hefðu sætt áþelkum ásöknum. Annað mál ði snerti Dorris Keams Goodwin og bók hennar *The Fitzgeralds and the Kennedys* sem kom út árið 1987.⁹ Hitt var mál Stephens Ambrose og bókar hans *The Wild Blue* sem út kom árið 2001.¹⁰ Í þáðum tilvikum snerust ásakanirnar upphaflega um það að fræðimenn hefðu tekið orðalaug óbreytt úr fræðilegum heimildum án þess að hafa viðkomandi orð innan gæsalappa. Skipti engu málipótl vísað væri til þessara heimilda neðanmála seða aftanmáls. Þegar frá leið urðu ásakanirnar á hendur þeim Goodwin og Ambrose em alvarlegrir og snerust um að þau hefðu fylgt rannsóknarlínu (þ.e.a.s. röksemdafærslu

⁷ Sigurður Gylfi Magnússon. *Forritðardraumar*, s. 247.

⁸ Það sem hér kemur fram um efní þáttarins er byggð á hustun á upptöku af þættinum „Vald og vísindi“ frá 4. janúar 2004. Spóla B-86. Safnadeild Ríkisútvarpsins.

⁹ Um mál Goodwina sjá Bo Crader. „A Historian and her Sources.“ *The Daily Standard* 28. janúar 2002. Slóðin er <http://www.weeklystandard.com/Content/Public/Articles/000/000/079/31hurw.asp>.

¹⁰ Um mál Ambrose sjá David D. Kirkpatrick. „As Historian's Fame Grows, So Does Attention to Sources.“ *The New York Times* 11. janúar 2002. National Edition. Slóðin er <http://www.nytimes.com/2002/01/11/national/11AMBR.html>.

² Síð frætitakynningu á vef Eddu. Slóðin er <http://eddu.is/net/products.aspx?pid=752>.

³ „Útgáfu Halldórs fagnað.“ *Morgunblaðið* 11. desember 2003.

⁴ Björn Þór Vilhjálmsson. „Skáldatími.“ *Morgunblaðið* 16. desember 2003.

⁵ Helga Kress. „Fyllt í gap.“ *Lesbót Morgunblaðsins* 27. desember 2003.

⁶ „Hannes visar öllum ásöknum um ábug.“ *Morgunblaðið* 28. desember 2003.

eða röð tilvitnanna) sem finna maetti í ritum annarra fræðimanna. Ambrose hefði gengist við vægari ásökunum og beðist afsökunar og lofað leiðréttum í næstu gerð bokar sinnar. Hins vegar hefði hann ekki rætt þær ásakanir sem síðar komu fram. Í tilvik Goodwins hefði hins vegar a.m.k. einn þeirra höfunda sem tekið var frá fengið greiddar skaðabætur. Jón sagði að bandarísku dæmin syndu að þær ásakanir sem Hannes lægi undir væru mjög alvarlegar enda mætti líta svo á að bækur þar sem meðferð heimilda væri ábótagvant með þessum hætti væru svíkin vara.

Að Hannes hafi hlustað á pennan þátt „Valds og vísinda“ og kann það að hafa haft viss áhrif á málsvörn hans sem hófst opinberlega fíjórum dögum síðar, fimmtdaginn 8. janúar.¹¹ Þá efndi Hannes til blaðamannafundar þar sem hann dreifði langri greinargerð vagna þeirrar gagnrýni sem fram hafði áherslu á að hann hefði getið þess skilmerkilega í eftirmála að hann fléttatíð lýsingar Halldórs Laxness á aeskumini (þ.e. Halldórs) inn í frásögn sína (þ.e. Hannesar) og styttdist við Hannes í greinargerðinni, „að ég nýtti mér þessi rit umfram önnur, taldi ég tilvísanir í æskuminningabækur Halldórs og 84 í verk Hallbergs. Samtals eru 1.627 tilvísanir í bók minni.“¹² Jafnframt vísaði Hannes því á bug að engar nýjar upplýsingar væri að hafa í bók sinni og tök hann ýmis dæmi um atriði varðandi lífshlaup Halldórs sem ekki hefðu komið áður fram. Á blaðamanfundinum hélt Hannes uppi frekari vörnum, eins og fram kom í *Morgunblaðinu* daginn eftir, og sagði þá meðal annars:

Stundum er það svo augljóst að ég er að nota textann, að ég þarf ekki að dríta niður fleiri en íveinur og hálfri tilvísun að jafnaði á blaðsíðu. Alla vega er alveg ljóst, að það er ekkert óhejðarlegt í því. Ég er ekki að dýja neinn neinu. [...] Mér finnst tilvísanirnar alveg nægilega margar. Það má þó endalaust staglast á því hvort tilvísanirnar hefðu átt að vera fleiri eða færri. [...] Hitt er annað mál að vegna þess að ég er að skrifa þetta handa almenningi og reyna að hafa þetta læsiglegt og aðgengilegt, þá auðvitað reyni ég að íþyngja ekki textanum með of miklu fræðastagli. Allir fyrirvarar og umræður um heimildar-

gildi og samgildi einstakra atriða, ég vísa því í tilvísunarskrána. Ég held að bókin standi því alveg sem vandað fræðirit. Þetta er ekki doktorsritið.¹³

Fyrir þá sem höfðu kynnt sér mál Stephens Ambrose hljómaði þessi málsvörn kunnuglega, ekki síst su yfirlysing að ekki væri um doktorsritgerð að ræða. Í umtöluðu viðtal við Ambrose sem hafði birst í *The New York Times* snemma árs 2002 hafði hann sagt meðal annars:

„Ég segi sögur,“ sagði hr. Ambrose. „Ég fjalla ekki um heimildir minar. Ég fjalla um söguna. Á einhverju stigi sprýr maður sig nánast hversu mikil lesandinn holi? Ég er ekki að skrifa doktorsritgerð.“ [...] „Ég vildi að hérði sett inn gæsalappir en ég gerði það ekki,“ sagði hr. Ambrose. „Það er ekki ætlun mín að stela skrifum annarra. Ef ég skrifa upp kafla og hef lagt upp með að segja sögu og þessi saga passar og hluti af henni er í skrifum annarra, þá vælrita ég hana þannig og get þess í nedanmálsgrein. Ég vil bara vita hvaðan í andskotanum hún kom.“ [...] „Það er engin tilraun gerð til að blekkja,“ sagði hann. „Ég held, eins og áður sagði, að efnið hafi verið gerð viðeigandi skil með nedanmálsgreinum, og ef þarna eru brotalamir þá virðast þær felast í meðferð tilvitnanna fremur en í tilvitnumnum síjfum.“¹⁴

Í ýmsum öðrum ummælum sem Hannes lét falla á þessum blaðamannafundi skar hann sig þó ótvírætt frá Ambrose, til dæmis í almennri lýsingu á meðferð sinni á texta Halldórs Laxness. „Hann lýsti aðferð sinni við heimildanotkun frekar og sagði hana felast í því að taka textann úr „kiljönsku“,

¹³ „Ég gerði ekkert óhejðarlegt, framdi engan ritstúld.“ *Morgunblaðið* 9. janúar 2004.

¹⁴ A frumálinu hljóma þessi orð svo: „I tell stories,“ Mr. Ambrose said. „I don't discuss my documents. I discuss the story. It almost gets to the point where, how much is the reader going to take? I am not writing a Ph.D. dissertation.“ [...] „I wish I had put the quotation marks in, but I didn't,“ Mr. Ambrose said. „I am not out there stealing other people's writings. If I am writing up a passage and it is a story I want to tell and this story fits and a part of it is from other people's writing, I just type it up that way and put it in a footnote. I just want to know where the hell it came from.“ [...] „There is no effort to deceive,“ he said. „I think again that the material has been appropriately footnoted, and if there have been omissions it appears to be in the methods of citing as opposed to the citation itself.“... David D. Kirkpatrick. „As Historian's Fame Grows, So Does Attention to Sources.“

¹¹ Ævar Kjartansson hefur sagt mér að Hannes hafi haft samþand við Ríkisútvarpið í vikunni eftir útsendingu og farði fram að fá að svara fyrir sig í þættum „Vald og vísindi“ næsta sunnudag á citir. Þeirri þeirðni var synjað.

¹² Hannes Hölmsteini Gissursson. „Greinargerð frá Hannesi Hölmsteini Gissurssyni lögð fram á blaðamannafundi 8. janúar 2004.“ *Morgunblaðið* 9. janúar 2004.

breyta 1. persónu frásögn í 3. persónu og taka burt sérkemilegt kíljanskort orðalag.¹⁵

Næstu daga og vikur tjáðu fjölmargir fleiri aðilar sig um málid og gerðu ýmsir athugasemdir við vinnubrögð og málsvörn Hannesar. Hann hélt áfram að svara fyrir sig og það sama gerðu ýmsir samherjar hans. Hörmruðu sumir þeirra á því að allt fjaðrafokið í kringum þetta mál væri hluti af pólitísku samsæri. Sigurður Kári Kristjánsson, lögfraðingur og þingmaður Sjálfstæðisflokkins, skrafði t.d. blaðageinum um miðjan janúar þar sem hann lýsti yfir áhyggjum af því „hvversu langt vinstrisinnadrímenningarávitar eru tilbúnir að ganga í ofsjónum sínum á hendur mannum.“ Fullyrri þingmaðurinn að enginn gæpur hefði verið framinн „þær upplýsingar sem fram koma í verki Hannesar, þ.e. í eftirmála bókarinnar og í 1627 tilvísunum, sýna svart á hvítu að ásakanir á Hendur honum um ritstuld eru tilhæfðalausar“¹⁶. Sigurður Gylli fjallar sértaklega um þeman pólitísku þátt umræðunnar í *Fortíðardránum* og lýsir í framhlaldi vonbrigðum yfir því hve ómálefnaleg og á köflum heiftarleg umræðan hafi orðið af hálfu Hannesar og tiltekinna samherja hans.

Á mannamótum í janúarmánuði 2004 var um fátt meira rætt en þessa uppákomu alla; gifurryðin og á stundum svívirðingarnar í garðagnryndenda vöktu undrun. Aðeins ein hugmynd virtist liggja að baki bessari orðræðu, en hún byggðist á hví að hrella og hræða hvern þann sem hafði hug á að gefa sig fram og ræða málid.¹⁷

Hvort sem það var af þeim orsökum eða öðrum þá fjarði umræðan að mestu leyti út í fjölmöldum á rétt rúnum mánuði. Telur Sigurður Gylli að lokabáttur hennar hafi falist í brandara um „gæsalapalandsliðið“ sem Davíð Oddsson, þáverandi forsetistráðherra, sagði á Viðskiptapíngi Verslunarráðs Íslands 11. febrúar.¹⁸

Málið var þó áfram rætt á fræðilegum veitvangi fram eftir árinu. Í vor- og haustheftum *Sögu*, tímarts Sagnfræðingrafélags Íslands, birtist í tveimur hlutum lóng grein eftir Helga Kress þar sem hún fjallaði um

15 „Ég gerði ekkert óheiðarlegt, framdi engan ritstuld.“ *Morgunblaðið* 9. janúar 2004.

16 Sigurður Kári Kristjánsson. „Herferðin gegn Hannesi.“ *Frettablaðið* 17. janúar 2004.

17 Sigurður Gylli Magnússon. *Fortíðardránum*; s. 266–67.

18 Davíð Oddsson. „Viðskiptapíng Verslunarráðs Íslands 2004.“ 11. febrúar 2004. Ræðan er varðveisitt á vef forsetistráðuneyti.is/radherra/ræður-og-grinari.m/1260.

áðferðafræði og vinnubrögð Hannesar.¹⁹ Helga birti jafnframt ítarlega skýrslu um sama efni á heimasiðu sinni og ítrekaði þar að uppistaðan í bök Hannesar væru „tilvínanir og textabrot sem hann sækir í verk ýmissa höfundu og setur fram í endursögn sem sinn eigin texta“²⁰. Þá var priðja hefti *Ritsins*, tímarts Hugvísindastofnunnar, árið 2004 helgað fölsunum í bokmenntum og myndlist. Mátti þar meðal annars finna grein eftir Jón Ólafsson um „fölsuð fræði“ þar sem mál Hannesar bar á góma. Skipti Jón svonefnindum „vísindasvikum“ í fimm meginflokk - fölsun, svindi, stuld, misnotkun og mistílkun - og vildi gera „tvenns konar athugasemdir við verk Hannesar sem varða svíksamleg vinnubrögð, en það er annars vegar stuldur og hins vegar svindl í úrvinnslu textans sem í tilfelli hans felst í meðvituðu úrvinnsluleysi“²¹. Í fyrra tilvíkinu væri brotið á rétti annars höfundar en í síðara tilvíkinu, sagði Jón, væri notandinn eða neylandinn svíkinn „í þeim einfalda skilningi að það sem sagt var hafa mikil verðgildi er í rauð verðlaust“²².

Sigurður Gylli kom að málinu með nokkuð öðrum hætti í niðurlagi *Fortíðardráuma*, en bókin kom út á haustdögum 2004. Eftir að hafa farið í saumana á fjölmíðaumræðunni birti hann uppspunið viðtal til að sýna hvernig Hannes Hólmsteinn Gissursson hefði getað „réttlaett vinnuaðferð sína“²³. Í viðtalinni viðurkennir persónan „HHG“ að hún hafi gert viss mis-tök við frágang heimilda og notkun gæsalappa en hún vísar enn fremur til þess að ekki sé einhugur í háskólasamfélaginu um vinnureglur í sambandi við heimildir. Vísar persónan til freðimanna – hún nafngreinir bókmennatrafæðingana Hermann Stefánsson, þróst Helgason og þann sem þetta ritar – sem hafi umnið úr svonefnindum „þóstrómármiskum hugmyndum“ og velt meðal annars „fyrir sér hvar mörkin milli skáldskapar og raunvuleika liggja. Sifellt fleiri viðurkenna nú, eftir að hugmyndir póstrófíktúralista

19 Helga Kress. „Meðal annarra orða. Um aðferðafræði og vinnubrögð við ritun ævisógu Halldórs Laxness 1.“ *Saga* 4/21 (2004): 187–220; Helga Kress. „Meðal annarra orða. Um aðferðafræði og vinnubrögð við ritun ævisógu Halldórs Laxness 2.“ *Saga* 4/22 (2004): 187–222.

20 Helga Kress. „Eftir hvem? Skýrsla um meðfærð texta og tilvithana í bök Hannesar Hólmsteins Gissurssona, *Halldór Ásíðaga Halláðor Kjartans Laxness 1902-1932. Almenna bökkatílagið 2003*“ s. 5. Slóðin er <http://www.hi.is/~helga/Skjol/Eftir%20hvem.pdf>.

21 Jón Ólafsson. „Fölsuð fræði. Stuldur, svindl og uppspuni í visindasamfélaginu.“ *Ritið* 4/3 (2004), s. 116.

22 Sama heimild, s. 117.

23 Sigurður Gylli Magnússon. *Fortíðardráumar*, s. 289.

hafa náð fóftestu í fræðaheiminum að mörkin milli samleika og skáldskapar séu afar óljós“²⁴ Siðar í viðtalinnu segir:

Spurning: En hvað með teknilegar útfærslur, eins og til dæmis notkun gæsalappa? Vandi bókarinnar er að þú ruglar lesandann í ríminu vegna þess að þú ert ekki samkvæmur sjálfum þér. Stundum sitt rjúkandi trað.

H/HG: Trúlega hafa mér orðið á mistölk þar, ég hefði betur greint skýrar á milli eigin texta og frásagna annarra. Ég gengst við því að betta eru mistölk. En þó vil ég benda á að málid er alls ekkjafn einfalt og þú gefur í skyn með spurningunni. Það er hægt að haldia því fram að stóri hlutir allrar fræðimennsku felist í endursögn á annarra manna hugmyndum eða jafnvæl texta. Það hvort ég hef tekið eitthvað beint upp úr bók eftir annan eða ekki getur tæplega ráðið úrslijunum um gildi verksins. Við erum öll að vinna með hugmyndir fræðimanna sem áður hafa komið að efnum, texta sem er svo afur endursögn á einhverjum öðrum texta.²⁵

Persónan klykkir út með því að fullryðra að hún telji að „fræðilega séð“ sé „vandanálið hverfandi lítið. Ég er aðeins að berast með nýjum straumum póstmódernistá þó að ég hafi ekki náð að tileinka mér þá að fullu“²⁶

Sumt í þessari málsvörn virðist benda til þess að hin skáldaða persóna „HHG“ hafi líkt og Hannes Hólmstein Gissursson, hlýtt á útværþáttinn „Vald og visindi“ 4. janúar. Marg í viðhorfum hennar kemur að minnsta kosti heim og saman við það sem ég sagði við pað taikifæri. Ég benti m.a. að frágangur og meðferð á heimildum væru breytileg eftir löndum, „Það er til dæmis löng hefð fyrir því í frönskum bókum, fræðibókum, að þar eru höfundar að vinna með texta eldri höfunda með ýmsum hætti og það ég að drjúgur hluti allra bókmennita væri einhvers konar endursögn á eldra efnii:

JKH: Það er náttúrlega mjög mikil af því sem er skrifð, ekki bara í fræðum heldur líka í skáldskap, endurritun á textum annarra.

²⁴ Sama heimild.

²⁵ Sama heimild, s. 290.

²⁶ Sama heimild.

Við höftum einhvæm veginn orðið svolitið blind á betta í framhaldi af romantíkinni og hugmyndinni um frumleikann – það er ekki fyrir en í rauninni á nítjándu öld að höfundaréttur fer að eflast að einhverju marki ...

Spurning: En höfum við ekki einhvæja svona lágmarksstandara um það hvernig farið er með orð annarra?

JKH: Jú, það hafa auðvitað komist á ákveðnar venjur um það og ... það fáll að ómar og svo framvegis ... og manni finnst náttúrlega bagalegt ef menn þykjast vera klókari en þeir eru, eru að sejla fram hugmyndir annarra sem sínar eigin ... og ég er alls ekki að verja það ... en eins og ég segi: Öll fræði byggjast á því að endurrita og svo þarf bara að meta það. Í lögfraðimáluum er oft verið að telja út setningar og athuga hvað viðkomandi texti er mikilli hluti af heild en það er hægt að taka mörk stóri ritlhöfundanöfn úr sögumni sem eru fyrst og fremst menn og konur sem eru að endurrita texta annarra. Og þá er bara spurningin sí: Hverju er verið að bæta við?

Í lokarðum mínum í þætinum tók ég fram að hamn væri ekki að leggja mat á bók Hannesar en sagðist vonast til að hún veiki ekki aðeins umraður um fræðileg vinnubrögð, heldur einnig og „ekki síður um þessi óljósus skil sem eru á milli ólikra tegunda af verkum, alveg frá háfræðilegum verkum til skáldsagana“²⁷

Sigurður Gylfi fulltrytt að Hannes Hólmstein hefði aldrei nýtt sér þá málsvörn sem hann spinnur upp í *Fortíðardraumum*, „ef til vill vegna þess að dómssmálarðherran, sjálfur Björn Bjarnason, hefur mjög haft horn í síðu póstmódernískra hugmynda“²⁸ það veikir aftur á móti þessa skyringartilgátu að í pistli á heimasiðu sinni, sama dag og útværspátturinn „Vaid og visindi“ var sendur út, tók Björn óbeint undir þau viðhorf sem Sigurður Gylfi vill kema við póstmódernísmá. Eftir að hafa minnst á gagnýrninga sem bók Hannesar um Halldór Laxness hafði fengið og lýst sinu persónulega álití – „Hann hefur skrifað læsilega og fríðolega bók, sem bregður góðri birtru á þessi móturnarar í ævi Laxness“ – sagði Björn:

Af umraðubætti á rás 1 í dag, sunudaginn 4. janúar, dreg ég þá ályktun af orðum þeirra Jóns Karls Helgasónar bókmennitraðings

²⁴ „Vald og visindi.“ 4. janúar 2004. Rétt er að geta þess að hér er ekki um orðréttu tilvitnun að reða heldur endurritun; talsi og endurtekningum hefur verið eytt.

²⁵ Sigurður Gylfi Magnússon. *Fortíðardraumar*, s. 291.

og Þórunnar Valdemarsdóttir sagnfræðings, að ekki sé unnt að segja eina aðferð umfram aðra algílda við ævisagnaritun. Hefðir séu mismunandi eftir löndum, svo að ekki sé rætt um ólik efnið höfunda. Höfuðmáli skipti að sjálfsögðu að koma efninu sem best til skila til hins almenna lesanda, sé bokin á annað borð riðuð fyrir hann en ekki þróngan hóp fræðimanna. Ýmsar aðferðir séu fyrir hend í til að virða rétt annarra höfunda. Hins vegar verði aldrei undan því vikist, að í bókmenninum og sagnfræði eigi höfunder samtal, sem myndi þráð í allri úrvinnslu. Efnið við ritun ævisögur byggist að sjálfsögðu á því efni, sem til er um söguheftjuna, hvort sem þáð er til frá hemmi sjálfrí eða öðrum, sem um hana fjalla.²⁹

Á næstu dögum vísuðu fleiri stuðningsmenn Hannesar í páttinn og jafnvil til orða minna sem einskonar heilbrigðisvottorðs fyrir bók hans. Á áðurnefndum blaðamannafundi, 8. janúar 2004, tók Hannes einnig undir þessar „þóstirstríkturalísku“ hugmyndir. Samkvæmt frétt *Morgunblaðsins* var hann spurður á fundinum hvort þá væri ekki sérkennileg aðferð gagnvart þeim sem ekki hefðu lesið minningabækur Halldórs Laxness að fella texta úr þeim inn í meginmál ævisögumnar án þess að afmarka textann með gæsaloppum. „Þeir vissu þá ekki annað en að umræddur texti væri eftir Hannes. Hannes játaði því að þessir lesendur myndu telja textann hans smið. Hann sagði nokkuð til í orðum Jóns Karls Helgasonar bókmentafræðings í útværphæfti nýverið, um að öll sögritun væri endurritun.“³⁰ Sjálfur fann ég mig knúinn til að birta stutta blaðagrein nokkrum dögum síðar þar sem ég ítrekaði að í orðum mínum hefði ekki falið neitt mat á *Hallaðri* eða þeim ásökunum að Hannes hefði gerst sekur um ritstuld, en ég vitnaði jafnframt í þau ákvæði höfunderlaga sem ég taldi helst smerta þetta mál. Er ekki úr vegi að risja þau héru upp.

Í ljósí þess hve mikil áhersla var lögð á frágang heimilda í fífjöldalaumræðum um rit Hannesar er athyglisvert að íslensk höfunderlag fjalla að óverulegu leyti um þáð efni. Þau taka fyrst og fremst til þess ef einhver hagnýtr sér, án leysis, í umtalsverðum mali hugverk sem nýtur höfunderréttar. Mikilvægustu greinar laganna sem snúa að höfunderrétti rithófundara eru svohljóðandi:

3. gr. Höfunder hefur einkarétt til að gera eintök af verki sínu og til

- að birta þáð í upphaflegri mynd eða breytti, í þýðingu og öðrum aðlögunum.
4. gr. [...] Óheimilt er að breyta verki höfunder eða birta bað með þeim hætti eða í því samhengi, að skert geti höfundarheiður hans eða höfundarsérkenni.
 14. gr. Heimil er tilvitnum í birt bókmennataverk [...] ef hún er gerð í sambandi við gagnýnni, viðindi, almenna kynningu eða í öðrum viðurkendum tilgangi, enda sé hún gerð innan hæfilegra marka og rétt með efni farið.
 26. gr. [...] Þegar verk er birt almenningu samkvæmt þessum kaffa, skal auk nafns höfunder geta þeirrar heimildar, sem notuð er, eftir því sem astaður leyfa.
 31. gr. Nú deyr höfunder, og fer þá um höfunderáret eftir ákvæðum erfðalaga [...].
 43. gr. Höfunderáretur helst uns 70 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir látt höfunder [...] .
 54. gr. Fyrir brot á lögum þessum skal því aðeins refsa, að þau séu framín af ásetningi eða stórfeldlu gáleysi.³¹

Eftir því sem best verður sérð gilda þessi lög jafn um fræðilega texta sem skáldverk, ævisögur og doktorsrigerðir, og allt þarna á milli. Ég hef viljandi geymt að nefna 5. grein höfunderlaganna en þar er fjarlað sérstaklega um þýðingu eða aðlögun verka sem varin eru með höfundarétti. Samkvæmt 3. grein laganna hefur höfunder einkarétt á slikri endurvinnslu en í 5. greininni virðist beinlinis gert ráð fyrir að hann eða hún geti framselt þann rétt til annars aðila.

5. gr. Sá, sem þýðir verk, aðhæfir það tiltekinni notkun, breytir því úr einni grein bókmennata eða lista í aðra eða framkvæmir aðrar aðlaganir á því, hefur höfunderáret að verkinu í himni breyttu mynd þess. Ekkí raskar réttur hans höfunderétti að frumverkinu. Nú hefur verk verið notað sem fyrirmynd eða með öðrum hætti við gerð annars verk, sem telja má nýtt og sjálfstætt, og er þá hið nýja verk óháð höfundarétti að hinu eldra.³²

²⁹ Heimastiða Björns Bjarnasonar. Slóðin er <http://www.bjorn.is/pistlar/nr/2640>.

³⁰ „Ég gerði ekkert óheiðarlægt.“ *Morgunblaðið* 9. januar 2004.

³¹ Höfunderlagin (1972 nr. 73 29. maí) í heild sinni má nálgast á vef Alþingis. Slóðin er <http://www.althingi.is/lagasofn/133b/1972073.htm>.

³² Sama heimild.

þessi síðastnefnda lagagrein staðfestir það sjónarmið að endurskópun verka er mikilvægur þáttur bókmennsögunnar. Um það efni hafa hugvisindamenn fjallað með ýmsum hætti á liðnum áratugum. Má í því sambandi minna á fræga skilgreiningu Romans Jakobson á þremur gerðum þýðinga sem hann nefnir *umordum* („túlkun málktakna með öðrum táknum innan sama tungumáls“), *eiginlega þýðingu* („túlkun málktakna með táknum úr örðru tungumáli“) og *umhverfingu* („túlkun málktakna með táknum úr ómállegu táknerfi“).³³ Ýmsir þýðingafréðingar hafa vilað bræða þessar þíjár geðrðir þýðinga saman undir hugtakinu *endhritum* (e. *rewriting*) en það hefur André Lefevere skilgreint sem „aðlögun bókmennatverks fyrir nýjan hóp viðtakenda sem miðar að því að hafa áhrif á hvemig þessi hópur les verkið“.³⁴ Hann leggur líka áherslu á að það sé aðeins fyrir milligöngu endurritaða af ýmsu tagi að bókmennatverk lifa lengur en sem nemur einu eða tveimur jólabókafloðum. Annar fréðimaður sem er á svipulóðum slóðum og þeir Jakobson og Lefevere er Gérard Genette. Hann hefur skrifnað með forvitnilegum hætti um það fyrirberi sem Julia Kristeva varð fyrst til að nefna *textatengsl*, en þau skilgreinir Genette sem „allt það sem, leynt eða ljóst, setur einn texta í samband við aðra texta“.³⁵ Skiptir hann þessum tengslum upp í fimm meginflokkum:

- (1) *Immlimun. Samband milli tveggja eða fleiri texta sem standa hlið við hlið. Augljósasta og hefðbundnasta dæmi þessa er þegar einn texti er feldur inn í annan með beinni tilvitnum.³⁶*
- (2) *Imrömmun. Það sem gerir texta kleift að verða að bok og vera borinn sem slíkur á borð fyrir lesendur og raunar allan almenningu. Hér er meðal annars átt við fyrribæri á borð við bókarritiil,*
- (3) *Útlistun. Það sem tengir texta við þá texta sem hann fjallar um, án þess að vitnað sé til heira beint og jafnvæl án þess að þeir séu*

³³ Roman Jakobson. „Um málvísdallegar hliðar þýðinga.“ Þyð. Maria Saemundsdóttir. *Ritid* 3/4 (2004), s. 174.

³⁴ André Lefevere, „Mother Courage’s Cuembers: Text, System and Refraction in a Theory of Literature.“ *Modern Language Studies* 7/4 (1982), s. 4.

³⁵ Gérard Genette. *Palimpsests. Literature in the Second Degree*. Þyð. Channa Newman og Claude Douibinsky. Lincoln og London: University of Nebraska Press, 1997, s. 1.

³⁶ Sama heimild, s. 1–2.

³⁷ Sama heimild, s. 3. Sjá einnig: Gérard Genette. *Paratexts. Thresholds of Interpretation*. Þyð. Jane E. Lewin. Cambridge, New York, Melbourne: Cambridge University Press, 1997.

þessi síðastnefnda lagagrein staðfestir það sjónarmið að endurskópun visindamenn fjallað með ýmsum hætti á liðnum áratugum. Má í því sambandi minna á fræga skilgreiningu Romans Jakobson á þremur gerðum þýðinga sem hann nefnir *umordum* („túlkun málktakna með öðrum táknum innan sama tungumáls“), *eiginlega þýðingu* („túlkun málktakna með táknum úr örðru tungumáli“) og *umhverfingu* („túlkun málktakna með táknum úr ómállegu táknerfi“).³³ Ýmsir þýðingafréðingar hafa vilað bræða þessar þíjár geðrðir þýðinga saman undir hugtakinu *endhritum* (e. *rewriting*) en það hefur André Lefevere skilgreint sem „aðlögun bókmennatverks fyrir nýjan hóp viðtakenda sem miðar að því að hafa áhrif á hvemig þessi hópur les verkið“.³⁴ Hann leggur líka áherslu á að það sé aðeins fyrir milligöngu endurritaða af ýmsu tagi að bókmennatverk lifa lengur en sem nemur einu eða tveimur jólabókafloðum. Annar fréðimaður sem er á svipulóðum slóðum og þeir Jakobson og Lefevere er Gérard Genette. Hann hefur skrifnað með forvitnilegum hætti um það fyrirberi sem Julia Kristeva varð fyrst til að nefna *textatengsl*, en þau skilgreinir Genette sem „allt það sem, leynt eða ljóst, setur einn texta í samband við aðra texta“.³⁵ Skiptir hann þessum tengslum upp í fimm meginflokkum:

(1) *Immlimun. Samband milli tveggja eða fleiri texta sem standa hlið við hlið. Augljósasta og hefðbundnasta dæmi þessa er þegar einn texti er feldur inn í annan með beinni tilvitnum.³⁶*

(2) *Imrömmun. Það sem gerir texta kleift að verða að bok og vera borinn sem slíkur á borð fyrir lesendur og raunar allan almenningu. Hér er meðal annars átt við fyrribæri á borð við bókarritiil,*

(3) *Útlistun. Það sem tengir texta við þá texta sem hann fjallar um, án þess að vitnað sé til heira beint og jafnvæl án þess að þeir séu*

nefndir. Hér hefur Genette m.a. í huga ritskýringu og ýmsa bókmennataumfjöllun.³⁸

(4) *Uppstafningur*. Sambandið milli yngri texta við eldri texta sem hann er endurritun á, án þess að íþví felist þein útlitun. Dæmi um þetta eru efirlifkingar, stællingar og skopstællingar verka.³⁹

(5) *Skapalon*. Allir þeir almennu og sérteku þettir – svo sem orðraðuhetðir, innlinunaraðferðir og bókmennatgreinar – sem móta stíl og form tiltekins texta.⁴⁰

Dæmin sem Genette tekur um þessa fimm flokka vekja athygli á því með hve margbreytilegum hætti bækur verða til af bókum. Munurinn á milli ólikra bókmennatgreina og bókmennatahæfða felst örðum þraði í því á hvaða pátt textatengsla er í ogð mest ámærla og í hve miklum mæli höfundi byggir texta sinn á skrifum annarra.

Athyglisvert er að skoða höfundar hinn það sem Genette kallar „uppskafningu“. Helga bendir í þessu sambandi á hvernig orðinu „ég“ í minningabókinni *I timini heima sé*, breytt í 3. persónu og verður „Halldór“, „Dóri“ eða jafnvæl „Dóri líli“ og „snáðimn“.⁴¹ Annað lýsandi dæmi af sama tagi er þegar Halldór skrifar í sömu bók: „Aðrir bærir stóðu undir lágum fellum“ og Hannes endurriðar þau orð: „Aðrir bærir kúra undir lágum fellum“⁴² þessi samþæting immlimumar og uppskafningar – útryming „kiljönskunnar“ – snertir annars vegar 4. grein höfundadalaganna þar sem lagt er bann við því að breyta verki höfundar og skerða höfundarsérkenni hans og hins vegar 14. greinina þar sem tilvitunin í birt bókmennataverk er því aðeins heimiluð að hún sé „gerð innan hæfilegra marka og rétt með efni farið“.

En þarna kemur innrömmun textanna einnig við sögu, sú staðreynd að Hannes er á fyrstu síðum *Halldórs* einn tillaður sem höfundur (sbr. „© Hannes Hölmsteinn Gissursson 2003“). Í tilviki þýðinga, til samanburðar, er venjan sú að nöfn höfundar og þyðanda birtist þar hlið við hlið. Hannes

³⁸ Gérard Genette. *Palimpsests*, s. 4.

³⁹ Sama heimild, s. 5.

⁴⁰ Sama heimild, s. 1.

⁴¹ Helga Kress. „Eftir hvem?“ s. 11.

⁴² Sama heimild, s. 17.

menntaumfjöllun.³⁸

(4) *Uppstafningur*. Sambandið milli yngri texta við eldri texta sem hann er endurritun á, án þess að íþví felist þein útlitun. Dæmi um þetta eru efirlifkingar, stællingar og skopstællingar verka.³⁹

(5) *Skapalon*. Allir þeir almennu og sérteku þettir – svo sem orðraðuhetðir, innlinunaraðferðir og bókmennatgreinar – sem móta stíl og form tiltekins texta.⁴⁰

og löglaðir stuðningsmenn hans heldu því í fram að sú innrömmun textans sem felst í 1627 aftannálsgreinum og eftirmála verkins settu nægjanlegan fyrirvara við höfundarétt hans sjálfss.⁴³ Þeir hafa væntanlega haft þar í huga orðalag 26. greinar höfundalaganna: „skal auk nafns höfundar geta þeirr heimildar, sem notuð er, *eftir því sem ástæður leyfa*“. Á hinn böginn má ætla að þeir sem gagnýrndu Hannes fyrir ófullnægjandi innrömmun – skort á gæsalóppum, tilvisunum, aftannálsgreinum og heimildaskrá – hafi talið hann vera að skerða það sem í 4. grein laganna er nefnt „höfunda-rheiður“.

Hluti af gagnýni Jóns Ólafssonar í áðurnefndri grein í *Ritumu* beindist að innrömmun og innrömmun textans í *Halldóri* en Jón vakti einnig athygli á þeim skorti á „útlistun“ sem einkenndi verk Hannesar. Í raun væri um að reða tvær hlíðar á sama peningi.

Sú staðreynd að texti bökkarinnar er að miklu leyti fenginn frá öðrum höfendum gerir að krafan um úrvinnslu verður embla meiri en annars hefði verið. Því eru neðanmálsgreinareða „fólnóttur“ ekkert aðalatriði og þaðan af síður gæsalappir. Þó að Hannes hefði breitt við neðanmálsgreinum og tilvísunum hefði það litlu breytt um eðli verks hans.⁴⁴

Að baki hessari fullþróingu býr almenn hugmynd um það „skapalon“ sem Hannes notast við, en það hugtak Genettes felur í sér ákvæðnar hefðir varðandi innrömmun, útlistun eða uppskaffningu frumtexta. Jón hefur ákvæðnar væntingar og gerir ákvæðnar kröfur til verkins sem fraðilegrar ævisögu. Sambærilegar forsendur bjuggu að baki gagnýni margra annarra sem fjölluðu um bók Hannesar, þar á meðal Sigurðar Gylfa. Í *Fortíðardraumum* segir hann að „nútímafræði“ geri ráð fyrir:

að höfunderar ævisagna vinni með texta aðalpersónunnar, birti ekki aðeins brot úr þeim, heldur kafi mikið frekar í ástaður þeirra og merkingu í þeim tilgangi að sýna viðfangsefnið í nýju ljósi. Þessu nær Hannes Hölmsteinn aldrei og bókin verður fyrir bragðið flöt og óspennandi lýsing sem byggist á einkennilegri (alþýðlegri) vinnu-aðferð, fróðleiksmolum hér og þar um hitt og þetta. Lesandinn biður

hins vegar eftir dýpri og fyllri skilningi á mannum Hannum Halldóri Klijan Laxness og verkum hans.⁴⁵

Höfufundalög taka ekki tillit til þess skapalóns sem bókmennatexti er steyptur í. Staðreyndin er líka sú að árlega eru skrifuð óteljandi verk út um allan heim sem bera sömu eða svipuð einkenni og bók Hannesar, án þess þó að höfundar þeirra sér gagnýrndir eða sakaðir um óeðlileg eða óheiðarleg vinnubrögð. Þeir geta þvert á móti verið lofaðir fyrir hæfni sina við að hella einum eða fleiri textum ofan í tiltekið skapalón. Við getum til að mynda ímyndað okkur að íslenskur rithöfufundur tæki sér fyrir hendur að vima leikgerð fyrir tútar upp úr *Í túnum heima*. Tæplega væri ætlast til að hann útlistaði merkingu frumtextans. Slík úrvinnsla gæti þvert á móti verið tilefni athugasemda og gagnýni. Liklega þætti eðillegast að texti slíkrar leikgerðar einkenndist af viðtækri innlinum og höflegri upp-skafningu. Þessa þversögn kann að vera gagnlegt að skoða ljósí annarra listgreina, til að mynda tónlistar, þar sem löng hefð er fyrir því að gera allskarpan greinarmun á tónskálum og flyjendum, skapandi og túlkandi listamönnum. Með líkum hætti mætti skipta textasmiðum í skapandi og túlkandi einstaklinga, höfunda og endurritara.⁴⁶ Í síðarnefndu hópnun eiga flestir þyðendur væntanlega heima, sem og höfunder að barnauágáfum og leikgerðum, og aðrir þeir sem byggja texta síná að miklu eða mestu leyti á textum annarra. Ritdeilurnar um bók Hannesar snerust að nokru leyti um það í hvorum hópnum ævisagnaritarar ættu að eiga heima. Dómsmálið sem höfðað var vegna bökkarinnar snýst hins vegar um annað.

Séu íslensku höfundaðgin hörfi í huga, hljóta ásakanir um ritstuld að vera nátengdar spurningum um framsal höfunderaréttarins; það hvort endurritarinn hafi lesið og tekið mark á þeirri klásílu sem finna má fremst í flestum úgefnum bókum: „Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambarilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunderar og útgefanda.“ Raunin er sú að oft hirða hvorki handhafar höfunderaréttar nē endurritarar um þetta skriflega leyfi; endurritun er heimiluð munulega eða jafnvél með einskon-

⁴⁵ Sigrður Gylfi Magnússon. *Fortíðardraumur*, s. 254. Hér er Sigrður Gylfi að vísa til lýsingar Hannesar sjálfss á vinnubrögðum sínum og skapaloni himnar alþýðulegu ævisögu: „Framlag mitt var fólgjó í því að safna saman fróðleiksbrotum um skáldið, ævi hans og verk og fella þau saman í cina heild svo ekki sæjust á samskeyti.“ Hannes Hölmsteinn Gissursson, „Sagnfræði og sagmanist.“ *Lesbok Morgnladsins* 17. janúar 2004.

⁴⁶ Um þetta cíni sjá: Ástráð Eysteinsson. *Týmuli. Þyðingar og bólmennir*. Reykjavík: Bókmennatráðistofnun, Háskólaútgáfan, 1996, s. 166.

ar þegjandi samkomulagi. Í greinargerð sínum sagði Hannes Hólmsteinn að fulltrúi Eddu, forlagsins sem fer með útgáfu rétt að verkum Halldórs Laxness, hefði lesið yfir prótork af *Halldóri*, „að beiðni fjölskyldunnar“.⁴⁷ Virist hann standa í þeiri trú að sá yfirllestur jafngilti formlegu samþykti útgáfumnar og fjölskyldu Halldórs fyrir notkun hans á textum skáldsins. Guðný Halldórsdóttir, dóttir Halldórs og Auðar Laxness, sagði þetta af og frá. „Það var aldrei neim frá okkur sem las handrit að bókinni. Hannes segir ekki satt um það, og það er dónaskapur af honum að hál达 því fram að maður frá forlaginu hafi lesið bókinna fyrir hönd fjölskyldunnar.“⁴⁸ Þegar upp er staðið virðast brot á höfundalögum tilheyra þeim flokki lögbrota sem markast að nokru leytí af upplifun þolandans. Aðrir glæpir sem má nefna hér til samanburðar, án þess að um beinar hliðstæður sé að ræða, eru meiðþróð, kynferðisleg áretmi og í vissum tilvikum nauðgungun.⁴⁹ Nákomindi fólk rifst hvort við annað, daðrar og sefur saman án þess að það leiði til malaferla. Í höfundalögum er, eins og áður sagði, að finna hugrök á borg við „höfundarheiður“ og „hæfileg mörk“, hugrök sem virðast fyrst og fremst undiropin skynjun eða mati viðkomandi höfundar eða erfingja hans. Það má sjá fyrir sér að það sem einum höfundi þyki skerðing á höfundarheiðri sínum og tilefni málssóknar gæti öðrum staðið á sama um og jafnvæl talið vera sér til vegsauka. Eins má hugsa sér að höfundur geti sett sig við að texti hans sé birtur án leyfis á einum vettvangi en ekki öðrum, endurritaður af einum aðila en alls ekki af öðrum.

Vissulega má finna dæmi um að mál, þar sem kært er fyrir brot á höfundalögum, séu rekin vegna hreima fjárhagslegra hagsmuna en í tilviki Auðar Laxness og hennar nánustu virðast önnur sjónarmið eða tilfinningar hafa verið ráðandi. Þannig létt Guðný Halldórsdóttir hafa eftir sér í blaðaviðalí 9. janúar 2004 að fjölskyldan væri að fluuga málshöfðun en biði, í milliútinni, „eftir afsókunarbeïðni frá Hannesi fyrir að taka texta sem hann á ekki, og gera að sínum“.⁵⁰ Tæpri víku síðar tök Einar, somur Halldórs og Ingu Einarsdóttur Laxness, í sama streng og sagði að ef fjöldunnibærilekkjarsóknunarbeïðni frá Hannesi, og reyndar Eddu útgáfu að auki, hylti hún að fluuga málsoðkn. Og Einar bætti við: „Hannes notaði svo rosaleg orð um skáldið í umræðum eftir útgáfu Höfundar Íslands að

⁴⁷ Hannes Hólmsteinn Gissursson. „Greinargerð“ s. 29.

⁴⁸ „Háskólaprófessorinn skrifði ekki bókin.“ DV 9. janúar 2004.

⁴⁹ Um þetta cfni sjá m.a. K.K. Ruthven. *Faking Literature*. Cambridge: Cambridge University Press, 2001, s. 183.

⁵⁰ „Háskólaprófessorinn skrifði ekki bókin.“ DV 9. janúar 2004.

ég vantreysti honum“⁵¹ Í lok febrúar tök Guðný síðan af öll tvímaði um viðbrögð fjölskyldunnar. „Það er einsýnt að við munum kæra Hannes fyrir riistuld. Maður verður að verja föður sín – rennur blöðið til skyldunnar.“⁵² Það var þó ekki fyrri en síðari hluta ársins 2004 að Auður stefndi Hannes fyrir brot á höfundalögum og ekki fyrri en haustið 2006 að dómur felli los í malinu í Héraðsdomi Reykjavíkur. Samkvæmt honum var talið óvívarett að stefndi hefði „brotið gegn höfundarétti á verkum Halldórs Laxness sem stefnandi hefur á hendri“ en þar sem stefnan hefði komið af seint fram og ekki hefði verið sýnt nógu vel fram á að stefnandi hefði beðið tjón af broti stefnda var dómsoðið sjálft svohljóðandi: „Stefndi, Hannes Hólmsteinn Gissursson, skal sýkn af öllum kröfum stefnanda, Auðar Sveinsdóttur Laxness. Málskostnaður fellur niður.“⁵³ Innan skamms ætti að skýrast hvort Haestiréttur kemst að sömu dómsemiðurstöðu, niðurstöðu sem felur í sem í sér yfirlysingu um sekt og sýknum.

Guðný Halldórsdóttir, dóttir Halldórs og Auðar Laxness, sagði þetta af og frá. „Það var aldrei neim frá okkur sem las handrit að bókinni. Hannes segir ekki satt um það, og það er dónaskapur af honum að hál达 því fram að maður frá forlaginu hafi lesið bókinna fyrir hönd fjölskyldunnar.“⁴⁸ Þegar upp er staðið virðast brot á höfundalögum tilheyra þeim flokki lögbrota sem markast að nokru leytí af upplifun þolandans. Aðrir glæpir sem má nefna hér til samanburðar, án þess að um beinar hliðstæður sé að ræða, eru meiðþróð, kynferðisleg áretmi og í vissum tilvikum nauðgungun.⁴⁹ Nákomindi fólk rifst hvort við annað, daðrar og sefur saman án þess að það leiði til malaferla. Í höfundalögum er, eins og áður sagði, að finna hugrök á borg við „höfundarheiður“ og „hæfileg mörk“, hugrök sem virðast fyrst og fremst undiropin skynjun eða mati viðkomandi höfundar eða erfingja hans. Það má sjá fyrir sér að það sem einum höfundi þyki skerðing á höfundarheiðri sínum og tilefni málssóknar gæti öðrum staðið á sama um og jafnvæl talið vera sér til vegsauka. Eins má hugsa sér að höfundur geti sett sig við að texti hans sé birtur án leyfis á einum vettvangi en ekki öðrum, endurritaður af einum aðila en alls ekki af öðrum.

Vissulega má finna dæmi um að mál, þar sem kært er fyrir brot á höfundalögum, séu rekin vegna hreima fjárhagslegra hagsmuna en í tilviki Auðar Laxness og hennar nánustu virðast önnur sjónarmið eða tilfinningar hafa verið ráðandi. Þannig létt Guðný Halldórsdóttir hafa eftir sér í blaðaviðalí 9. janúar 2004 að fjölskyldan væri að fluuga málshöfðun en biði, í milliútinni, „eftir afsókunarbeïðni frá Hannesi fyrir að taka texta sem hann á ekki, og gera að sínum“.⁵⁰ Tæpri víku síðar tök Einar, somur Halldórs og Ingu Einarsdóttur Laxness, í sama streng og sagði að ef fjöldunnibærilekkjarsóknunarbeïðni frá Hannesi, og reyndar Eddu útgáfu að auki, hylti hún að fluuga málsoðkn. Og Einar bætti við: „Hannes notaði svo rosaleg orð um skáldið í umræðum eftir útgáfu Höfundar Íslands að

⁵¹ „Hóta að taka Laxness af Eddu.“ DV 14. janúar 2004, s. 8.

⁵² „Allt verður JPV að vopni. Ættungjar Laxness kæra Hannes.“ DV 25. febrúar 2004, s. 15.

⁵³ Dómur Héraðsdoms Reykjavíkur 10. nóvember 2006 í mál nr. E-10030/2004: Auður Sveinsdóttir gegn Hannesi Hólmsteini Gissurssyni. Slóðin er <http://www.domstolar.is/domait/nanar/?ID=E200410030&Domur=2&type=1&Scrial=1>.